



Konurnar á Kvískerjum

Heimildarritgerð um konurnar sem bjuggu á Kvískerjum á 20. öldinni

Unnið fyrir Kvískerjasjóð
Marta Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Meginmál	3
Þrúður	5
Systurnar	7
Guðrún eldri	8
Guðrún yngri	9
Finnbjörg	10
Hannyrðir	11
Prjón.....	13
Vefnaður.....	15
Saumur	16
Flos og fleirra.....	17
Viðgerð á fötum	19
Engjar	19
Mataröflun og matargerð.....	21
Sumrin	24
Sumarbörn	25
Sveitin og heimilislífið á Kvískerjum	26
Lokaorð	28
Heimildaskrá	29
Heimildamenn.....	29

Inngangur

Kvískerjaheimilið varð þjóðþekkt á síðustu öld fyrir fræðistörf bræðranna sem þar bjuggu og gestristni heimilisfólksins sem tók á móti fjölmörgum er áttu leið um Breiðamerkursand eða bar að garði með öðrum hætti.

Í þessari samantekt ætla ég einkum að lýsa verkefnum kvennanna á Kvískerjum, móðurinnar Þrúðar Aradóttur (1883-1968) og dætranna Guðrúnar Bjönsdóttur eldri (1908-1991) og Guðrúnar Björnsdóttur yngri, sem kölluð var Rúna (1910-1999). Einnig kemur við sögu fósturdóttirin Finnbjörg Guðmundsdóttir (1941-2002) sem þrátt fyrir andlega fötlun komst til ótrúlegs þroska á heimilinu. Ég byggi ritgerðina mikið á viðtölum við fólk sem var til sumardvalar á Kvískerjum sem börn, einnig á bréfum frá Þrúði og Rúnu til vinkvenna sinna og frænkna, svo og samtölum við nokkra sveitunga. En fyrst er smá inngangur um upphaf búskapar fjölskyldunnar.

Meginmál

Faðir systkinanna, Björn Pálsson frá Austurbænum í Svínafelli, flutti að Kvískerjum árið 1901, þá 22 ára, með þremur systkinum sínum, þeim Guðrúnu 21 árs, Ljótunni 18 ára og Sigurði 13 ára. Amma þeirra, Guðrún Pálsdóttir og afi, Sigurður Ingimundarson, höfðu áður búið þar og átti Björn hlut í jörðinni. En hann var með lítinn bústofn. Þarna bjuggu þau systkinin fyrsta veturinn við þröngan kost og lítil og köld húsakynni. Upphitun var engin og eldað var í útielldhúsi. Sumarið á eftir var baðstofan lengd um tvö stafgólf. Í þessa viðbót setti Björn einhólfa eldavél (kabyssu) og var því baðstofan betri vistarvera næsta vetur. Smám saman stækkaði líka bústofninn.

Björn og Þrúður Aradóttir á Fagurhólmsmýri, felldu hugi saman. Þau voru systrabörn. Þrúður átti part af Kvískerjum og þau náðu að eignast stóran hluta af jörðinni með því að skipta á öðrum jarðahlutum sem þau áttu. Einnig greiddu þau fyrir hana í peningum og fengu m.a. hjálp við það frá Gísla Þorvarðarsyni, bónda í Papey, sem áður bjó á Fagurhólmsmýri.



Kaffikvörninn og kaffikannan sem Þrúður notaði til að hella upp á kaffi fyrir gesti. Í könnunni henni er heimagerð kaffisía sem hún notaði til að auðvelda sér uppáhellinguna.

Það var alltaf gestkvæmt á Kvískerjum því fólk þurfti fylgd þaðan yfir Breiðamerkursand. Þar var yfir margar jökulár að fara, allar óbrúaðar og stundum þurfti að fara yfir jökul ofan við útfall jökulsár. Það skipti miklu máli að Kvískerjajörðin væri í byggð vegna mannaferða, svo sem póstsins, ferðafólks og skipsbrotsmanna. Það gat verið lífsspursmál.

Björn fékk styrk, 600 kr. á ári, fyrir að fylgja póstinum yfir jökul austur að Reynivöllum, sem er tæpum 30 km austar. Þar gat hann einnig gist ef þess þurfti og síðar var komið upp sæluhúsi á Breiðamerkursandi. Þrúður óttaðist því aldrei um hann í þessum ferðum.

12. mars 1942 Þrúður til Nunnú (Guðrúnar Jónsdóttur í Neðribænum á Fagurhólsmýri): *“Nú er búið að koma upp skili fyrir austan Jökulsá, og sjáum við það eftst úr túninu, og finnst mér eins og byggðin fyrir austan færist nær, og eitthvað svo hlílegt við það. Þá er það notalegt þegar þeir bíða eftir ferðamönnum, að geta stungið sér þar inn á meðan þeir bíða.”*

Tvisvar sinnum komu heilar skipshafnir af strönduðum skipum fyrirvaralaust heim að Kvískerjum og hefði, a.m.k. í annað skiptið, verið óvíst hvernig farið hefði ef ekki hefði verið búið þar. En þörfin var þó mest vegna fólks á ferð um þjóðbrautina á hestum, bæði austur og vestur.

Um og uppúr aldamótunum 1900 var mun hrjóstugra um að litast á Kvískerjum en nú til dags. Hlíðarnar fyrir ofan bæinn og fjöllin í kring voru gróðurminni þá en nú. Kvía sem fellur nú tæpum fjórum kílómetrum vestan við Kvísker rann þá austur aurinn um tveimur kílómetrum framan við bæinn. Einnig kom fyrir að Hrutá sem nú er vatnslítil og rennur um þremur kílómetrum austan við bæinn, kastaðist heim undir túnið og flæmdist fram eftir aurnum. Engin tæki voru í sveitinni fyrr en upp úr 1950 til að veita vatnsföllum í aðra farvegi.

Lítið beitarland var því á Kvískerjum framan af öldinni og slægjur takmarkaðar. Kvískerjafólkið fór þessvegna út að Fagurhólsmýri til að heyja og flutti afraksturinn m.a. á hestvagni að Kvískerjum, þann vagn smíðaði Björn eftir öðrum sem hann sá á ferð sinni suður til Reykjavíkur til lækninga árið 1915. Bæjarstæðið á Kvískerjum hafði þó ákveðinn sjarma og hefur vissulega enn, með tignarleg fjöllin allt um kring. Jörðinni fylgdu líka ýmis hlunnindi. Skógur var til eldiviðar og beitar, talsverður reki, bæði trjá- og fiskreki. Einnig fuglaveiði, bæði skúms- og mávsungar og selveiði þegar Breiðárós var á Kvískerjafjöru.

Eftir nokkra ára búskap datt Birni í hug að flytja í Hvalfjörð á jörð sem heitir Innri-Hólmur. Þar hefur án efa verið nokkuð búsaðlarlegra. En þau Þrúður voru þó áfram á Kvískerjum og bjuggu þar með bjartsýnina að vopni. Þau gengu í hjónaband 16. október 1905, hann þá 26 ára og hún 22 og brátt stækkaði fjölskyldan. Þau eignuðust fyrst Flosa árið 1906, þá Guðrúnu 1908, næstur kom Ari 1909, svo Guðrún (yngri) sem var alltaf kölluð Rúna



Þrúður, Flosi og mögulega Páll

1910, Páll var næstur, fæddur árið 1914, hann ólst upp á Fagurhólsmýri og bjó þar síðan. Sigurður fæddist 1917, Ingimundur 1921, Helgi 1925 og Hálfán 1927.

Systur Björns, Guðrún, Sigríður og Lydía, dvöldu oft á Kvískerjum, fjölskyldunni til hjálpar. Sigríður (langamma mín) var til dæmis hjá þeim í 14 ár eða þar til hún giftist 1918.

Einnig var hjá þeim um tíma vinnumaður sem hét Þorsteinn Þorsteinsson og sonur hans, Eiríkur.

Systkinin nutu almennt ekki barnaskólgöngu heldur lærðu lestur, skrift og önnur undirstöðuatriði af foreldrum sínum og öðrum sem voru á heimilinu. Sannarlega varð þeim sá lærdómur notadrjúgur.



Efri mynd: Flosi, Ingimundur, Ari, Sigurður, Rúna Hálfván, Þrúður, Helgi, Guðrún

Mynd til vinstri: Ingimundur, Ari, Rúna, Björn, Guðrún, Hálfván og líklega hundurinn Snati

Þrúður



Þrúður var dóttir Guðrúnar Sigurðardóttur og Ara Hálfvánarsonar. Hún átti sex systkini og ólst upp á Fagurhólsmýri en flutti til Björns að Kvískerjum í kring um 1905. Hún ól þar 13 börn en missti fjögur í frumbersku.

Þrúður fann ávallt það góða í lífinu og var jákvæð á hverju sem gekk. „...ein af þessum heilögu skaftfellsku konum sem jafnan mat skyldur sínar meir en réttindin,“ eins og sr. Einar Jónsson, orðar það í Kvískerjabók er hann lýsir ljúfum sumardögum í sveitinni.

Þrúður hafði skemmtilegt orðatiltæki, henni fannst allt svo undurgott, undurfallett og jafnvel undurljótt.

„Þrúður kunni vel að meta fjallagrös og annan gróður og þótti allt svo undurgott.“
(Ásdís Gunnarsdóttir).

Svo var hún trúrækin og einnig berdreymin. Hana dreymdi t.d. Sigurð son sinn nóttina eftir að hann lenti í snjóflóði árið 1936 og barst með því í djúpa jökulgeil. Henni fannst hann segja í draumnum að hann væri lifandi og ómeiddur, gæti vel andað en liði samt hálf illa. Það stóðst allt.

Í bréfum Þrúðar kemur fram að hún lesi og skrifi upp sálma. Hún minnst líka oft á Guð bæði í daglegu tali og í bréfum.

Dæmi úr bréfi: „Ég veit þeim hlotnast trúrra þjóna laun hjá góðum Guði. Já, Guð blessi og launi öllu fólkinu sem hjá okkur var og var okkur svo undur gott og hjálplegt.“

„Guð geymi ykkur allar og innilegar kveðjur frá öllum hér. Ykkar Þrúður.“



Þrúður, Helgi og Rúna

Þrúður var nýtin að eðlisfari, notaði fötin sín vel og gerði við fatnað heimilisfólksins. Hún þrjónaði mikið. Svo kenndi hún börnunum til verka um leið og hægt var, stundum gegnum leik. „Þegar vont var veður tók Þrúður ull og setti hana á baðstofugólfið og krakkarnir fóru í heyskap, snéru ullinni og settu í sátur. Um leið og þau voru farin að ganga var farið að kenna þeim. Þetta sagði hún mér.“ (Ingibjörg Zophoníasdóttir á Hala).

Í bréfum frá Þrúði til frænkna sinna og vinkvenna lýsir hún ýmsu sem hún metur mikils í lífinu.

15. nóvember 1952 skrifar hún til Sigrúnar Jónsdóttur á Litla-Hofi:

„Ég held líka að mér þyki vænst um mjólkina og ullina af þessum veraldlegum gæðum. Ennþá á ég sjalið frá henni Guðbjörgu sál. Það er samt minna en það var því það voru farin að koma svolítill smágöt á það. En það hlýjar mér samt vel og er svo undur mjúkt, ég hef það oft um hálsinn. Mig minnir þú segja mér það væri af Gránufélagsskipinu.“

Úr bréfi frá Þrúði 18. júní 1943.

„Ég þakka kærlega fyrir Útvarpstíðindin. Mér finnst svo gaman að skygnast í þau. Það hefur heyrst svo undur illa í útvarpinu og eins og gengur ekki síðst þegar mann langar mest að heyra. Mig langaði svo að heyra þættina af eða um Jón Thoroddsen, manni voru þær sögur svo kunnar. Eins var Versalasalmingurinn. Það hefur svo oft verið vitnað í hann. Svona er með margt fleirra, þó það sé ekki svoleiðis að ég er oft svo löt að hlusta og þykir oft langtum betra að mér sé sagt.“

Þrúður tók litla stúlku, Finnbjörgu Guðmundsdóttur, að sér, hún var þroskaheft og móðurlaus og hefði annars þurft að vera á stofnun. Það leist Þrúði ekki á. Finnbjörg var mikið með henni og lærði margt. Bæði Þrúður og börn sem voru í sveit á Kvískerjum reyndu að kenna henni að þrjóna. Þegar það tókst á endanum var mikil gleði.



Þrúður og Björn

Björn, mann sinn, missti Þrúður vorið 1953 úr slæmri influensu. Hann varð 74 ára að aldri. En hún lét ekki bugast og sinnti sínu áfram. Þrúður var óskaplega barngóð og hún hélt heimilinu eiginlega saman, það báru allir mikla virðingu fyrir henni.

20. nóvember 1953 skrifar Þrúður: *“Ég hef nú verið hraustari í haust en ég hef leingi verið og orðið betra af því sem ég hef borðað, svo okkur líður nú öllum vel.”*

„Ég man sérstaklega eftir Þrúði við ýmislegt gamalt handverk, hún var að mestu hætt að sinna heimilisstörfum, svona hefðbundnum, en hún hafði safnað gömlum blöðum, Æskunni og öðru slíku og las fyrir okkur krakkana á kvöldin. Fyrsta sumarið mitt svaf ég uppi hjá henni, þá var gamla baðstofan ennþá notuð.“ (Sigrún Axelsdóttir).

Í bréfi frá Þrúði frá árinu 1928 kemur fram að hún hafi lent í slysi og sé slæm í öðrum fætinum. Mögulega hafa þessi meiðsl hennar tekið sig upp í ellinni því hún lá mikið fyrir síðustu árin sín.

Þrúður var orðin mjög slæm í bakinu, hölt og átti erfitt með gang undir það síðasta.

“Hún var mér óskaplega góð alltaf og mér þótti afar vænt um hana.

“Síðasta sumarið var hún orðin alveg rúmföst. En henni fannst alltaf mjög gaman að ég kæmi og settist hjá henni og segði henni sögur. Alltaf þegar ég var hjá henni horfði ég á símann og velti því fyrir mér af hverju hún hringdi ekki í systur sína (ömmu mína). Það fannst mér alltaf agalega skrítið. En það þótti ekki við hæfi á þessum tíma.” (Guðrún Aradóttir - Dúna).

Þrúður lést á heimili sínu 5. febrúar 1968, 75 ára.

Systurnar

Guðrún eldri og Rúna byrjuðu snemma að líta eftir yngri bræðrum sínum og hjálpa til við önnur störf. Oft var talað um þær Kvískerjasystur saman enda voru þær mikið saman og hafa skipulagt störf sín í sameiningu. Þær hétu sama nafninu, báðar skírðar í höfuðin á ömmum sínum sem hétu Guðrúnar og voru systur. Það mátti sjálfsgagt ekki gera upp á milli þeirra. Einnig var barnadauði tíður og nokkuð algengt að fleiri en eitt barn á sama heimili bæru sama nafnið.

„Eitt sinn hafði Rúna sagt þegar var verið að ræða nafngiftir. Ég skil ekkert í foreldrum mínum sem bæði voru þó svo hugmyndarík að skíra okkur báðar

Guðrúnar. Ég vildi svo miklu heldur heita Júlía.“ (Guðný Svavarsdóttir).

Þær voru samt ólíkar systur að sumu leyti, Rúna var hraustari og framfærnari en Guðrún. Þær höfðu hvor sinn vanann við eldhússtörfin og skiptust á að vera með eldhúsið viku og viku. Hin var þá með fjósið og sinni ýmsu öðru, heyskap, tóvinnu og kannski því sem hana langaði til. Þær nutu þess að skreppa í gönguferðir austur að Stöðuvatni eða á aðra fallega staði í nágrenninu í frístundum.

Guðrún eldri



Guðrún eldri

Guðrún fæddist 30. apríl 1908, stundum kölluð Gunna. Hún ólst upp á Kvískerjum og lærði að lesa og skrifa af heimilisfólkinu, auk ýmissa starfa, bæði inni og úti sem hún fór snemma að taka þátt í. Hún þrjónaði og var mjög góð í matargerð en var hlédræg og lét lítið á sér bera ef ókunnugir komu.

„Guðrún eldri er að hita morgunkaffið og leggja á borðið. Hún er lágvaxin og brosmild.“(Kvískerjabók – Þórunn Sigurðardóttir)

„Hún var skemmtileg, mjög skemmtileg.“ (Guðrún Bjarnadóttir - Gunna á Nesinu).

Guðrún las mikið, hafði gaman af náttúrufræði, landafræði og ættfræði og var bæði fróð og minnug. Hún bjó alla tíð í Kvískerjum en fór þó í ferðalög, til dæmis austur á Höfn og Djúpavog og að minnsta kosti einu sinni til Eskifjarðar. Einnig fór hún suður til Reykjavíkur með flugi.

„Guðrún var oft léttari í skapi en Rúna, brosmildari og hafði meira gaman af bullinu í manni en Rúna.“ (Dúna)

„Í hvert skipti sem ég poppaði sagði hún: „Ég fór einu sinni með henni Fíu austur á Djúpavog og hún var með popp og mér fannst það svo undurgott og saðsamt.“ Svo fékk hún sér tvö popp og vildi ekki meira.“ (Björgvin Ingimarsson)

Samkvæmt heimildum úr Skaftfellingi um Guðrúnu hafði hún yndi af bóklestri og útiveru en átti við sjúkdómsraunir að stríða eða „*kvilla sem kom oft í veg fyrir að hún fengi notið sín sem skyldi.*“ Hvað átt er við með því er ekki alveg ljóst en árið 1974, hitti Dúna, eitt af sumarbörnunum, hana á gangi í Reykjavík, þá 66 ára gamla. Þar var hún í einhverjum erindagjörðum. Dúna kynnti sig og bauðst til að keyra hana en hún þekkti þá ekki Dúnu.

Guðrún fór á hjúkrunarheimilið Skjólgarð á Höfn árið 1982 og dvaldi þar uns hún lést 7. desember 1991.

Guðrún yngri



Guðrún yngri og Páll

Rúna eins og hún var alltaf kölluð, fæddist 14. september 1910 og ólst upp á Kvískerjum. Hún lærði þar að lesa og skrifa eins og þau öll systkinin og fór snemma að taka þátt í heimilisstörfunum, líkt og systir hennar.

Rúna fór að Laugarvatni þar sem var starfræktur Héraðsskóli en hún vann í eldhúsinu. Einnig sótti hún þar hússtjórnarnámskeið veturinn 1933.

Fyrir utan hin daglegu störf á heimilinu var Rúna ávallt í frammistöðu þegar gestir komu, einkum ef þeim var boðið til stofu. Sveitungar, til dæmis á leið í eða úr smalamennskum í Breiðamerkurfjalli og á Sandi og þeir sem dvöldu á Kvískerjum í lengri tíma fengu góðgerðir við eldhúsborðið og spjölluðu við heimilisfólkið.

„Við fórum oft í þer að Kvískerjum og var boðið inn í kaffi. Þá var þar finasta hlaðborð með heimatilbúnu brauði, sultum og safti.“ (Ásdís Gunnarsdóttir)

Rúna var mikil hannyrðarkona og saumaði flestar þær flíkur sem heimilið þarfnaðist. Hannaði og bjó til það sem vantaði og þrjónaði peysur eftir myndum.

„Hún vann mikið með Helga bróður sínum. Oft sátu þau saman og veltu fyrir sér hinum ýmsu hlutum, svo sem hvernig best væri að hagræða vinnunni – og vinnuaðferðunum. Svo smíðaði Helgi gjarnan það sem vantaði til að léttastörfin, með sínum snildarráðum og útsjónarsemi.“ (Guðný Svavarsdóttir)

Þau Rúna og Helgi gerðu líka myndir saman, hann teiknaði þær líklega og hún saumaði síðan eða flosaði.

Það má segja að Rúna hafi verið frumkvöðull eða með viðskiptavit, allavegna með drauma um stærri heim en bauðst henni á Kvískerjum. Árið 1945 (þá 35 ára) skrifar hún:

„Það væri gaman að komast í samband við einhvern basar sem seldi fyrir mann, ef maður væri svo duglegur að útbúa fót til að selja. Það er eiginlegast fljótlegast að koma upp peysum, en svo getur maður útbúið fleira ef maður veit hvernig á að hafa það.“

Rúna var glaðlynd og barngóð en gat líka orðið svolítið pirruð og þreytt, sérstaklega á sumrin þegar mikið var af börnum á bænum og margt fólk.

„Mínar sterkustu minningar um Rúnu eru um að hún var alltaf að taka heilmikið af kökum og brauði úr frysti til að hafa tilbúið þegar kæmu örpreyttir og svangir gestir (á hestum). Ég var svo að bera það í frystinn aftur þegar hún sá ekki til, svo það skemmdist ekki. En þá var hún orðin fullorðin og farin að lifa svolítið mikið í gamla tímanum.“ (María Ingimarsdóttir)

Rúna fór á Skjólgarð á Höfn árið 1993. Þar man ég eftir henni þar sem hún gekk mikið um gólf og leitaði að einhverju til að gera eða lagfæra. Eitt sinn hafði hún fengið tuskur til að brjóta saman. Hún sat yfir þeim í svoltinn tíma, enda orðin nokkuð hæg til vinnu og sléttaði þær og braut svo vel saman að varla hafði sést annað eins.

Rúna lést á Skjólgarði 24. desember 1999, 89 ára að aldri.

Finnbjörg

Finnbjörg fæddist í Reykjavík 18. mars 1941. Móðir hennar, Guðný Finnbogadóttir, átti við veikindi að stríða og lést tæpu ári síðar. Finnbjörg var með mikla þroskaskerðingu og ekki gat hver sem var sinnt henni. Hún var á Kópavogshæli um tíma en Guðríður, móðursystir hennar, kom henni fyrir á Kvískerjum, þar sem Þrúður tók hana að sér.



Finnbjörg

Finnbjörg var átta ára þegar hún kom fyrst að Kvískerjum. Fyrstu árin var hún í styttri tíma en síðar var hún þar alfarið. Hún var stjórnlaus og erfið í byrjun en með umhyggju Þrúðar og Kvískerjafólksins alls róaðist hún smám saman og þroskaðist.

28. nóvember 1951 skrifar Þrúður til Sigrúnar Jónsdóttur á Litla-Hofi (1864-1955).

“Finnbjörg litla getur svolítið kemt hjá mér, þó ég bæti um það. Ég eða við spinnum nú meira úr lopa en ull en ég er svo feigin þegar hún hefur ró í sér við eitthvað og hún getur rakið í hnikla. Hún er líka ólöt að kalla þá í matinn og fara á milli okkar. Hún sefur nú fyrir ofan mig, hún getur verið ástúðleg við okkur og tollir oft hjá þabba sínum ef hann segir henni sögur, hún tekur dálítið eftir þeim og því sem maður raular við hana. En ég er hrædd um hún eigi bátt með að læra að lesa.”

Bréf frá Þrúði 15. nóvember 1952

“Elskulega Sigrún mín!

Hjartans þakkir fyrir samfundina síðast og þetta allt sem þú sendir mér með Rúnu. Þetta var þá ekki mjög óhlýlegt og þó ég skammist mín að taka við því þá veit ég ekki hvor var hrifnari ég eða Finnbjörg litla. Hún hljóp með sína fallegu leista og leppa til allra að sýna það sem hún fékk frá þessari góðu konu. Þó hún eigi bátt að læra margt og sé ekki nógu róleg við alt þá er hún ótrúlega glögg að þekkja fötin okkar allra.“

Þrúður í bréfi til Sigrúnar 20. nóvember 1953: *“Rúna skrifaði mér um daginn, og sagði að Finnbj. litlu langaði heim. En væri samt furðu róleg. Hún hefði hugmynd um hún ætti að vera eitthvað leingur. En maður veit nú ekki en hvort nokkuð er hægt að bæta henni vesalingnum, og verður þá að taka því. En þetta er til tilraun“.*



Finnbjörg með góðum vinum.
Sigurður Hákonarson í miðjunni. Ekki er vitað
hver hinn strákurinn er.

Finnbjörgu þótti mjög vænt um kýrnar og fjósið var öryggisstaðurinn hennar. Þegar gestir komu til dvalar hélt hún sig gjarnan í fjósinu að mestu fyrstu tvo til þrjá dagana en kom inn til að borða og sofa. Hún mokaði flórinn og rak kýrnar í hagann, með misjöfnum árangri þó. Hún passaði vel upp á að sumardvalarkrakkarnir gerðu hlutina vel, svo sem að moka flórinn, og væru góð við kýrnar, slægju þær til dæmis ekki fast þegar verið var að reka þær.

Öllum líkaði vel við hana. Hún fagnaði krökkunum vel þegar þau komu á vorin og grét þegar þau fóru aftur á haustin.

Hún var með í verkum, hjálpaði við að setja niður kartöflur og rakaði dreifar í heyskap vel og vandlega, sótti kartöflur í pottinn, alltaf rétt magn, og skúraði eldhúsgólfíð. Finnbjörg var með hjarta úr gulli, skammaði krakkana fyrir að stríða Helga og lét vita ef einhver var með læti eða ef eitthvað var ekki gert vel. Hún var líka mjög minnug á fólk.

Heimildarmönnum sem dvöldu á Kvískerjum sem börn, ber saman um að Finnbjörg hafi haldið upp á lagið um Bjössa á Hól.

„Henni Finnbjörgu fannst svo gaman að syngja, þó hún væri laglaus. Guðmundur, pabbi hennar hafði gefið henni útvarp og hún fékk frí til að hlusta á Sjómannaþáttinn og Óskalög sjúklinga. Það var eftirlætið hennar. Þá mátti hún sitja inni herbergi og hlusta og syngja. Hún átti eitt uppáhalds lag, það var Bjössi á Hól. Eitt sinn var ég með gítar með mér og eftir að hafa gert það sem við þurftum að gera fórum við að spila og syngja. Næstu skipti sem ég kom að Kvískerjum, kom hún til mín og sagði: „Jæja nú skulum við syngja Bjössa á Hóól.“ (Guðný Svavars)

Þegar Kvískerjasystkinin fóru að eldast varð örðugra fyrir þau að annast Finnbjörgu og hún fór á stofnun austur á Egilsstöðum og síðar á Skjólgarð á Höfn. Hún átti erfitt með breytingarnar.

Finnbjörg lést 10. nóvember 2002, 61 árs að aldri.

Hannyrðir

Mikið var um hannyrðir hjá þeim mæðgum á Kvískerjum og þær þóttu myndarlegar í höndunum. Mest var unnið úr ullinni sem áður var búið að þvo og þurrka: kembt, spunnið og þrjónað, ofið og saumað fyrir heimilisfólkið. Eflaust hefur takmarkaður tími gefist fyrir útsaum og annað fínerí en einhver þó, þess bera vitni ýmis þráðlistaverk á heimilinu.

Stór veggmynd, útsaumuð
með krosssaum.





Stór veggmynd útsaumuð með krosssaum í jafa



Útsaumuð veggmynd með krosssaum.



Púðar útsaumaðir með krosssaum.



Á veturna spunnu þær á rokkana sína. Þeir voru yfirleitt aldrei notaðir á sumrin. Guðrún eldri þrjánaði sokka og fleira.


Fyrri mynd: Rokkur Þrúðar Aradóttur, smíðaður af Sigurði á Maríubakka 1910-1915. Rokkurinn varð fyrir hnjaski fljótlega og brotnaði. Þá smíðaði Jón Oddsson nýtt hjól og Björn Pálsson tálgaði nýjar lappir. En Sigurbjörn í Borgarhöfn rendi snældur og smíðaði snældubú.

Seinni mynd: Rokkur Guðrúnar yngri. Smíðaður af Pétri Sigurbjörnssyni, Borgarhöfn 1935





Mynd til hægri: Kambar
Mynd fyrir ofan: Snælda



Snældustokkur Guðrúnar eldri.
Smíðaður af Sigurði Arasyni
Fagurhólsmýri 1915

Prjón

Kvískerjakonur voru með hringprjónavél og mikið var prjónað af sokkum, húfum og peysum en einnig muna margir eftir fallegum handprjónuðum rósavettlingum eftir Rúnu.




Heimagerði prjónar. Þessir eru gerðir úr við en einnig var algengt að gera þá úr bambus.



Prjónaðir leppar.
Notaðir sem innlegg í
skinskó og aðra skó.
Lepparnir voru
prjónaðir í þrennu
lagi, miðhlutinn sér
og svo voru endarnir
prjónaðir og lykkjaðir
við.

10. ágúst 1943 skrifar Rúna til Þuríðar Jónsdóttur, frænku sinnar á Fagurhólsmýri:
*“Ég hugsa að tvisturinn sem er hér dugi næstum því alveg í tvær skyrtur. Ég er
 búin að prjóna einn skyrtuból en er ekki búin með ermarnar. Ég sendi því ekki skyrtuna
 núna en þið látið okkur vita hvort við eigum að prjóna úr afganginum eða senda hann.”*
 (Tvistur var finnr bómullarþráður sem var notaður til að vefa úr en greinilega líka í
 vélprjón.)



Með bréfum gengu uppskriftir á milli
kvenna bæði innan sveitar og utan. Hér
eru dæmi um uppskriftir sem voru
bæði til hjá þeim á Kvískerjum og
Hallberu Karlsdóttur á Höfn.



Svona púði var bæði á Kvískerjaheimilinu
og einnig á heimili Hallber Karlsdóttur á
Höfn.

Kvískerjakonurnar voru líka í bréfasambandi við
frænkur í Reykjavík ef þær t.d. vantaði að láta kaupa
saumavélanálar eða annað smálegt og sendu þá krónur í póstinum. Einnig prjónuðu
þær og sendu vettlinga, sokka og/eða peysur og boli til frændfólks.

10. febrúar 1945 Rúna skrifar: „...blúndurnar sem ég var að tala um eiga að
vera 9 cm. Svo var það jafi í púða en þú mátt gleyma honum! Nema ef þú átt
ekkert bátt með að muna eftir honum. Og jafanál.

“Ég held að hún Sigga eigi það nú skilið að við prjónum peysu fyrir hana fyrir
alla snúningana sem hún gerir fyrir okkur á sumrin. Þið skulið bara senda
lopann í hana þegar þið getið, við prjónum hana þegar vel stendur á því fyrir

okkur. Siggi ætlar á aðalfund og fara þá með þetta þrjónadót um leið.“

20. nóvember 1953 skrifar Þrúður til Sigrúnar Jónsdóttur á Litla-Hofi: „*Guðrún hugsar alveg um eldhúsið. En fyrst var ég að laga og bæta plöggin þeirra, svo er ég búin að spinna 24 snældur í nærföt og uni mér vel við rokkinn minn, nú orðið.“*

Þrúður bæði þrjónaði og heklaði og hún útbjó þá sem fóru á jökulinn. M.a. stoppaði hún heyi undir peysurnar, inn á bringu ferðamannsins. Í riti lýsir Sigurður, sonur hennar, fatnaðinum sem hann var í þegar hann lenti í snjóflóði 1936 og barst inn 28 m langa jökulgeil en fannst eftir 25 klukkustunda legu í snjódyngju.

“Ég minnst þess nú að mamma hafði sagt við mig um morguninn að það væri rétt fyrir mig að fara með tvenna trefla og það hafði ég gert. Svo hafði ég bundið öðrum treflinum um höfuðið og þess vegna tolldi húfan á leiðinni niður. Einnig minnst ég þess nú, að ég hafði skóaskifti þegar ég kom upp í fjall, hafði ég gengið þangað á leðurskóm, en setti þar upp selskinnsskó, og sneri snoðið inn. Þeir voru því bleikir, og flaug mér í hug, er ég setti þá upp, „það er nálitur á þeim“ og varð satt að segja hálf illt við. En ég hugsaði með mér að ég hefði svo oft áður sett upp svona skó og væri þessi geigur því ekkert nema vitleysa. En nú fannst mérað þetta hefði alls ekki verið vitleyss, heldur hugboð, sem líklega ætti eftir að rætast....en ég vissi að menn höfðu oft lifað allengi í fönn, en hitt vissi ég líka að jökullinn mundi reynast köld yfirsæng, miklu kaldari en snjórinn, en hins vegar var ég vel búinn, í tvennum nýjum sokkum, þykkum ullar nærfötum, í milliskyrta úr þykku kakitau, ullarpeysu, nakinssamfestingi og yst í stormjakka, sem var nokkuð vatnsheldur, en á bringunni innan undir jakkanum hafði ég dálítið af heyi. Það var annars einkennilegt... ég var einnig með þykka húfu fóðraða með kiðlingaskinni og tvenna trefla, eins og áður var getið. Ég var sem sagt mjög vel klæddur, og var dálítið einkennilegt, vegna þess að ég hafði verið í göngum undanfarna daga og þá alltaf léttklæddur.”

Vefnaður

Vefnaður verður til þegar þversum þræðir – (ívað) mæta þráðaheild (uppistöðu) sem liggur langsum. Uppsetning í vefstól er flókið verk þar sem hugur og hönd þurfa að vinna saman. Fyrst þarf að rekja í uppistöðuna með sérstökum hætti.

10. Jan 1943 - Rúna líkl. til Þuríðar á Mýrinni: *“Það gerir ekkert til okkar vegna þó að hún mamma þín hafi ekki getað komið til okkar enn ...Við ættum nú að geta rakið hjálparlaust, en víst erum við öruggari að hafa hana mömmu þína nálægt okkur. Mér þætti nú gott fyrir mitt leyti ef við gætum ofið á góu til að losna við það þó eitthvað verði líklega eftir, eftir það...”*



Þrjár myndir fyrir ofan: Dæmi um borðrenningar sem voru ofnir.
Mynd til vinstri: Ofin væðarvoð.

Saumur

Þær Kvískerjakonur saumuðu mikið á sig og allt heimilisfólkið. Bæði voru keypt efni til þess og einnig var saumað úr því sem féll til, léreftspokum og jafnvel loftbelg sem lenti eitt sinn á Skeiðarársandi.

„Ég hef verið að sauma kápur handa Ingim. og Hálf. úr belgtai, en er ekki alveg búin með þær. Mér finnst alltaf verra að sauma úr því en öðru en tai.“
(Rúna skrifar, 10. jan 1943)

10. janúar 1943 - Rúna skrifar, líklega til Þuríðar á Mýrinni:

„Ég er rétt búin með kjólinn minn, er samt ekki búin með beltið, ég hef verið að taka svolítið í hann á sunnudögum. Ekki er nú víst að það verði hægt að koma bíl á milli þegar afmælið verður, en maður hefur nú komist að heiman fram að þessu án þess að hafa bíl.“

Svo var saumað á fleiri en heimilisfólk ef þörf krafði. Rúna aðstoðaði til dæmis ömmu mína, Guðrúnu Karlsdóttur, við að sauma peysufatapeysu.

„Ég man að Rúna saumaði á mig buxur.”
(Sigrún Axelsdóttir)

Peysufatapeysa sem Rúna aðstoðaði Guðrúnu Karlsdóttur við að sauma.



Flos og fleirra

Rúna elskaði handavinnu og hún hélt mikið upp á flosnálina sína. Hún flosaði veggteppi og mottur og bjó stundum til munstrin sjálf.





Til hægri: Þrjú verk með Rúna og Helgi unnu saman. Sama mynstur sem var teiknað upp og svo máluð og flosað í.



Flosaður púði

„Eitt haustið þegar það var rólegt datt Rúnu í hug að það væri gaman að læra að gimba. Ég hafði horft á mömmu gimba en vissi ekki alveg hvernig átti að byrja. Það var hringt í Gunnu á Mýrinni. Daginn eftir kom Gunna og þær gimbuðu það sem eftir var af dvölinni minni í þetta sinn, trefla, sjöl, dúka og teppi.“ (Guðný Svavarsdóttir)



Áhald sem notað er til að gimba getur litið svona út. Þetta er fengið að láni.

Ullin var oftast notuð ólituð. Það var kúnst að lita hana þannig að liturinn yrði jafn. Flíkur voru ekki síður litaðar fullbúnar, oft peysur. En eitthvað band var þó litað og var það mest gert með íslenskum jurtum en einnig var hægt að kaupa tilbúinn lit og erlendar þurrkaðar jurtir. Íslensku jurtirnar gefa mest gula, græna og brúna liti og einnig svartan en það var erfitt að fá rauðan.

Rabbabararót gaf gulbrúnan lit, laukhýði appelsínugulan, skófir brúnan, sorti svartan, fjallagrös rauðan. Allt grænt lauf gefur gulan lit; birki, víðir, mjaðjurt, njóli, beitleyng, ramfang. Einnig var börkur af birki notaður, gulmaðra, blágresi, einir, bæði ber og blöð (nálar).

Ullin var soðin í vatni með jurtinni sem var notuð og látin standa um tíma. Jafnvel lätin liggja í kúahlandi.

Fólkið á Kvískerjum var í miklum samskiptum við frændfólkið á Fagurhólsmýri og fékk þar mikla aðstoð. Það sést vel á bréfunum. Ýmislegt er sent á milli bæja, sokkar eða aðrar flíkur sem konurnar hafa verið að gera en gætu mögulega nýst öðrum en þeim sjálfum.“

10. Jan 1943 - Rúna líkl. til Þuríðar á Mýrinni „Við vorum núna fyrir skömmu að líta munsturbandið, en við erum bara óánægðar með litinn á því. Það er svo illa brúnt, okkur langar að bæta svolítið um litinn. Hvort sem hann skánar nokkuð hjá okkur.”

Viðgerð á fötum

Þrúður lýsir því stundum í bréfum að hún hafi gert við föt og stoppað í. Þannig entust flíkurnar lengur. Líklegt er að hún hafi gert oft við hverja flík.

18. júní 1943, skrifar Þrúður til Þuríðar: „Segðu henni mömmu þinni. Ég hafi nú tekið hálfgerðan kipp um dagin þegar ég fór að skoða í plaggskíin því öll plöggin þeirra voru orðin götug. Ég tók mig til eins og hún Eva gamla, og fór að stoppa og staga og var að grípa í það þangað til að ég var búin með alla hrúguna og sumt gat ég gert við sem ég hafði alveg verið hætt við.“

Engjar

Þau Þrúður og Björn áttu jarðarparta á Fagurhólsmýri sem þau nýttu til heyskapar bæði í túni og á engjum. Allflestir á Kvískerjum fóru þangað meðan á heyskap stóð en alltaf voru einhverjir heima, bæði til að sjá um búíð, t.d. mjólka kýrnar og einnig vegna ferðamanna sem oft þurftu einhverja aðstoð. Þrúður, Rúna og Flosi sáu yfirleitt um heimilishaldið. Guðrún eldri kunni vel við sig úti við og lét muna um sig þar. Heyið var þurrkað og bundið í bagga og flutt frá Fagurhólsmýri eða af engjunum utan við Salthöfða - að Kvískerjum á hestvögnum þar til vörubíll var keyptur í félagi með Helga Arasyni á Fagurhólsmýri 1942. Einnig var hey geymt á Fagurhólsmýri til vetrarins og farið með einhverjar kindur þangað tímabundið. Það hefur þurft mikla forsjálfni hjá þeim konunum að hafa til nægan mat og útbúa nesti handa öllu engjafólkinu.

“Það var mikill spenningur að fara á engjar. Ferðin hefur verið vel undirbúin, því ekki er komið aftur heim á kvöldin, heldur gistir fólkið í nokkrar nætur í heimagerðu hjólhýsi sem Helgi smíðaði. Það er fysta hjólhýsið á Íslandi svo vitað sé og er ekki ólíkt hjólhýsum nútímans. Búsáhöld, rúmföt, hrifur, orf og reiðtygi hefur verið tekið saman. Rúna hefur útbúið mat til ferðarinnar, súrsaða selsahreifa og skúmsunga sem búið



Engjahúsið



Mjólkurbrúsi og olíuofnar í hjólhýsinu.

er að reyta og steikja og Guðrún eldri hefur bakað stóran bunka af flatbrauði. Mjólk er komin í brúsa og við fáum viðbótarmjók á Fagurhólsmýri. Mat og öðrum búnaði er komið fyrir á vörubílspallinum. Svo fer hersingin af stað, fyrst dráttarvélin með hjólhýsið, svo vörubíllinn og síðast fólkið á hestum.”

Þórunn Sigurðardóttir: (bæði beint úr Kvískerjabók, bls. 47 og í spjalli við mig.)



Kojur og borð.

„Það er eftirminnilegt að sjá engjahúsið koma austan af aurum. Líka var dálítið tignarlegt þegar trukkan fór framhjá á austurleið með háfermi af heyj.“ (Gunnþóra Gunnarsdóttir frá Hnappavöllum.)

„Það var dagsferð að flytja engjahúsið. Guðrún var með og sá um að elda fyrir fólkið á engjunum, það var notaður prímus og maturinn var geymdur í einum af áلونum sem runnu austur leirurnar utan við Salthöfðann. Lækirnir komu í stað ísskáps á engjunum. Vatn í uppvaske og kaffi var hitað á prímus.“

Það fóru venjulega sjö manns á engjar því engjahúsið tók ekki fleiri í svefnpláss.“ (Sigrún Axelsdóttir).

Úr bréfi frá Þrúði 22. júlí 1954 – *“Það er nú búið að slá og flytja utan frá Mýri, svo langar þá að reyna að slá svolítið hér fyrir utan, þú trúir ekki hvað ég hlakka til ef væri hægt að sjá fólkið mitt við heyvinnu hér í kring.”*



Kvískerjafólk við rakstur

Mataröflun og matargerð

Líklegast hafa störf tengd matargerð verið stærsti hluti vinnu þeirra Kvískerjasystra. Eins og áður hefur komið fram var Rúna dugleg að finna út með Helga hvernig væri hægt að auðvelda heimilisstörfin. Þau ræddu saman og teiknuðu upp verkfæri, td. safapressu og fylgihluti við hakkavél. Svo fór Helgi út í smiðju og bjó hlutina til. Hann notaði líka rekaviðinn vel. Frystikista var smíðuð og einnig ísskápur. Skilvindu og strokk breytti Helgi í rafknúin tæki.



Kvarnasteinninn sem var notaður í vatnsmyllunni frá 1873

Vatnsmylla var byggð á Kvískerjum til að mala korn upp úr 1873. Í henni var nær eingöngu malaður rúgur. Einnig var malað svolítið af hveiti og hrísgrjónum og einu sinni var malað heimaræktað bygg. Myllan var upphaflega byggð austan við Hlíð en flutt í bæjargilið fljótlega þar sem tóttin er enn sjáanleg. Allt tréverk var endurnýjað nokkrum sinnum en steinarnir endurnýttir og eru til ennþá. Á neðri steininum er höggið fangamark Sigurðar Ingimundarsonar, (SI), langafa Kvískerjasystkinanna. Þessi smíði þótti sýna mikið hugvit og brátt höfðu aðrir bændur í sveitinni einnig komið sér upp myllum enda auðvelduðu þær mikið mölun á korni sem áður hafði farið fram með handafli.

Úr rúginum voru bakaðar flatkökur, pottbrauð eða formbrauð, einnig var malað svolítið af hveiti og hrísgrjónum og einu sinni var malað heimaræktað bygg og bakaðar úr því flatkökur.

„Svo gerðist það í janúar 1941 að óvenjuleg för sáust við rafstöðina sem þá var í gangi nálægt myllunni og var brautin rakin þangað. Kom þá í ljós að hagamús hafði verið að gæða sér á mjölsalla sem orðið hafði eftir í mjölkassanum. Þetta virðist hafa verið landkönnuður, kominn að austan, því að síðan varð ekki vart við mýs í Öræfum fyrr en árið 1963 og þá fyrst í Skaftafelli. (Kvískerjabók bls. 69-71).

Mjólkin var skilin í skilvindu. Úr rjómanum var strokkað smjör og úr undanrennunni voru gerðir ostar og skyr. Mysan af skyrinu sýrist fljótt fyrir áhrif gerla og í henni var geymt súrmeti. Við þá geymslu hélst sá matur óskemmdur mánuðum saman.

„Kvískerjasystur gerðu undraverða súrmjólk. Áferðin á henni var svolítið límkennnd og hún var svo bragðgóð, borðuð með kornflexi eða haframjöli. Þetta bað ég yfirleitt alltaf um þegar ég kom. Svo kem ég þarna um vor, þá komin um tvítugt og Rúna kemur með disk og græna fernu og ég segi, „Ég vil ekki svona súrmjólk.“ „Nei, en hin er bara ekki til, gerillinn fraus og dó,“ svaraði hún í öngum sínum. Þetta var algjör bömmur, í mörg ár fannst mér þetta alveg agalegt. En í sömu ferð sá ég áhald, búið til úr plastkeri. „Þetta er til að skafa innan úr súrmjólkurfernunni, þá færðu um desílíter sem annars færi til spillis,“ útskýrði Rúna. (Guðný Svavars)



Skafa til að skafa innan úr súrmjólkurfernum.

Um tíma voru geitur á Kvískerjum, þær voru fengnar austan af fjörðum um 1920 vegna magaverks sem hrjáði Björn. Hann þoldi kúamjólkina illa en geitamjólkina mun betur, einnig var hún saðsamari og súrnaði síður er kúamjólkin. Geiturnar fóru austur í Hvamm og í fjöllin á daginn og fólkíð þurfti ekki að smala þeim heldur gat bara kallað á þær.

Á haustin var slátrað heima, um það sáu karlmennirnir en konurnar um að gera slátur og bjúgu, setja í súr og salt og reykja.

10. okt. 1942 skrifar Þrúður:

„Við erum nú eiginl búna með alt slátur hjá okkur, nema Rúnu langar að búa til svolíttlar pilsur í langa úr henni Brúnku, (eða kjötinu af henni!!), henni var eitt í gær. Svo er nú verið að tala um að eiða Reiði í næstu viku....“

5. okt. 1943 skrifar Þrúður til Þuríðar: Við erum búin að eiða bíldóttu kvígunni og 2 hrútum og á og síðborningi, og geit, sem alltaf hefur verið í fé. Hún lét sem hún sæi ekki kinsystur sínar. Hún var vanin undir á þegar hún var lamb. Hún var bara væn þó að hún væri lítil.“

Selveiði var stunduð á árum áður, hún var mikil fjáröflun fyrir heimilin því skinnin voru seld og fyrir fyrsta flokks kópsskinn fékkst meira en fyrir eitt lamb í slátrun. Það var næstum ekkert hirt af selnum nema skinnið þegar mest gekk á. Hreifar og dindlar var þó sviðið og sett í súr.

„Rúnu langaði einu sinni að prófa að kópalifur. Hún var alltaf að prófa eitthvað nýtt í matinn. Við Helgi vorum austur á Fjallsárfjöru og fórum í það að taka lifur og ég þurfti að fara með hana í fötu heim í hlýju veðri sem var ekki gott því lifrin gat gallsprungið og þá varð hún ónýt. Ég varð því að vera fljót. Var á hesti og fór beinustu leið. Þegar við komum svo aftur heim um kvöldið var Rúna búin að gera lifrabuff, og þau voru alveg ótrúlega góð.“ (Guðný Svavarsdóttir).

Kvískerjafólkið notaði skúminn og máfinn til að liggja á andar- og hænueggjum til að unga út. Þau skiptu þeim út og tóku egginn þeirra sér til matar. Svo var fylgst með hreiðrunum og ungarnir teknir heim þegar egginn höfðu klakið.

4. maí ekki vitað hvaða ár, skrifar Þrúður til Þuríðar

“Hálf dán náði einum sel í gær og kom með 13 máfsegg. Máfurinn er að byrja að verpa. Helgi færði hænunum ljós út úr hátíðum, þá fóru þær að verpa. Við höfum oft fengið egg í vetur. Það komu 5 ungar í gær og það getur verið að það séu komir fleiri. Hún lá á 9.”

Þrúður sauð úr einhvers konar fitu, kakói og sykri stóra súkkulaði hlunka sem fólk tók gjarnan með þegar það fór á jökul. Þeir tóku lítið pláss en gáfu góða orku.

Þrúður súrsaði selshreifar og steikti skúm.

„Þrúður kenndi mér að verka skúmsunga sem voru veiddir undir haust, þá næstum fleygir og fullburða. Það var allt fullt af skúm þá og hann var ekki friðaður. Við krakkarnir tókum þátt í að veiða hann. Mér fannst hann mjög bragðgóður, kjötið frekar ljóst og ekkert brækjubragð af því eins og af sjófugli, líkara kalkún í minninu.“ (Sigrún Axelsdóttir)

Gott berjaland er á Kvískerjum, þar eru krækiber, bláber og hrútaber og unnu þær systur mikið af sultu og safti úr berjum sem var góður vetrarforði.



Rúna og Þrúður í berjatýnslu.

30. ágúst 1943 skrifar Rúna til Þuríðar Jónsdóttur á Fagurhólsmýri.

“Elsku frænka mín.

Undur þótti mér vænt um að fólkinu þínu kom þetta uppátæki okkar ekki illa, okkur fannst einmitt svo gaman að geta haft þetta svona, fyrst svona stóð á. Berin hefðu bara mátt vera meiri en veðrið hefði ekki getað verið betra. Kannski við eigum eftir að mætast þarna einhvern tímann aftur þegar berin eru meiri.”

Fyrir framan íbúðarhúsið var stór garður. Þar var - og er enn - annars vegar trjágaður þar sem voru stór reynitré og einnig rifts- og sólberjarunnar og mikið af fallegum fjölærum blómum. Flosi sá um þann garð og hugsaði vel um hann.

Vestar var stór grænmetisgarður. Þar var ræktað grænkál, salat, rófur og bláar kartöflur, kallaðar Blálandsdrottning - líka rabbarbari.



Baðstofan og íbúðarhúsið, og stór garður fyrir framan.

Kartöflur og gulrætur voru ræktaðar í sandi við Stöðuvatnið. Kartöflurnar voru ekki mjög stórar en hýðið var hart á þeim og þær voru bragðgóðar. Gulræturnar voru safaríkar og bragðmiklar.

Úr sama bréfi frá Rúnu til Þuríðar:

“Við erum nú rétt búin að taka upp úr görðunum. Eigum bara svolítið eftir í garðinum hér heima. Við hefðum alveg klárað í dag hefði veðrið verið gott en það hefur oftast verið dálítill úrkoma. Mér finnst svona sæmilegt upp úr görðunum, líklega ekki reglulega gott. Ég er nú hrædd um, Þuríður mín, að við verðum fegin eins og vant er að hafa not af ykkur þegar verður farið að slátra. En það er þá bara eins og venjulega áníðsla en ekki fyrir það að ykkur beri að vinna neitt af ykkur. Ég held að það komi nú aldrei fyrir.”

Sumrin

Mikill munur var á vinnunni hjá þeim mæðgum á Kvískerjum á sumrin og á veturna. Á veturna voru þær við tóvinnu, þrjón, vefnað og sauma en á sumrin voru þær mest að sjá um mat því fólkið var margt, fyrir utan heimilisfólkið voru oft fjögur til sex börn og jafnvel gestir. Þetta gat farið upp í 20 manns.



Barnahópur í æfintýraferð.

Eins og áður er sagt skiptust þær systur á að vera með eldhúsverkin í viku og viku og hin var þá með fjósið og mjólkurvinnsluna. Sú sem sá um eldhúsið fór alltaf á fætur kl. 7.30 til að útbúa morgunverð. Hann var eins og á hóteli, t.d. þrjár til fjórar tegundir af brauði sem þær bökuðu sjálfar.

Í eldhússtörfunum komu þær sér upp venjum sem þær sennilega kunnu einar.

Þeir bræðurnir voru margir matvandir, sumir vildu ekki reykt og aðrir ekki fuglakjöt þannig að það var oftast

margréttu. En það var aldrei rétt neitt, þarna gildi vaninn. En þó að hver vildi sitt þá var allt nýtt og engu hent.

„Á eldavélarhellunni var risastór pottur, einn stærsti pottur sem ég hef séð og þar var allaf heitt vatn bæði fyrir uppvask og fleira. (Sigrún Axelsdóttir).

Hádegismatur var alltaf á slaginu 12, kaffitími kl. 15, kvöldmatur kl. 19 og kvöldkaffi kl. 21. Alltaf var nóg að borða hjá þeim systur.

Heimilið var alltaf mjög hreint og snyrtilegt.

Þvottur var þveginn á laugardögum. Þvottavélin þvoði vel en skolaði ekki þannig að það var farið með allan þvott á þar til gerðum þvottasleða sem Helgi smíðaði, að bæjarlæknum, þar var hann skolaður og látið renna vel úr honum. Svo héldu þær systur hvor í sinn endann á sængurfötunum og snéru þeim í sitthvora áttina, þannig undu þær þvottinn. Síðan var hann breiddur á snúrunar, það var alltaf talað um að breiða þvottinn, ekki hengja upp.“

Dúna: Þær systur skiptu með sér verkum og sú sem var með eldhúsið gerði ekkert annað á meðan. Þetta skapaði vissa fjölbreytni því þær höfðu oft hvor sinn háttinn á. Önnur bakaði rúllutertur en hin vöfflur, til dæmis.

Í betri stofunni var mjög lítið gengið um en þar þurfti alltaf að vera hreint ef það kæmu gestir og við sumarbörnin gátum stundum hjálpað til við það. Þar var allt það flottasta, fallegir bollar og fleira.

„Þessar systur voru báðar gull af manni, alveg yndislegar í alla staði. Vildu allt fyrir alla gera og voru mjög barngóðar. Báðar voru þær málgláðar og höfðu gaman að segja mér frá því þegar þær voru að alast upp.“ (Sigrún Axelsdóttir).

„Þær voru báðar svo æðislega notalegar manneskjur.“ (Dúna)

Sumarbörn

Kvísker var hið mesta menningarheimili. Þess nutu sumarbörnin fjölmörgu sem voru „svo lánsöm að fá að dvelja þar ár eftir ár. Það var á við margan háskólann“ segir sr. Einar Jónsson í Kvískerjabók, þakklátur fyrir fróðleikinn og hollu uppeldisáhrifin sem hann naut þar. Kynslóðarbilið var óþekkt fyrirbæri, Kvískerjafólkið kunnir að umgangast börn af glaðværð og hófstillingu.

„Krakkarnir voru mest úti við en konurnar mest inni, enda voru þeirra aðalstörf þar,“ segir Dúna. Hún lýsir leikjum sumardvalarbarnanna sem höfðu visst athafnasvæði útaf fyrir sig. „Jeppastaðir var heilmikil byggð. Þar hafði hver krakki sinn bæ og sína girðingu og fjárrétt sem var úr klemmubútum. Þarna var vegavinna og fullt að gera. Þetta var rosalega flott sveit og þar voru sjö eða átta bæir.

Bílarnir voru misstórir, sumir voru alvöru matsbox-bílar, aðrir heimagerðir bílar með dekkjum úr frauðhringjum af fjöru sem voru sagaðir í tvennt, þeir hentuðu vel til að flytja heyið, því auðvitað þurftum við að heyja. Það átti hver krakki sína jörð og hús, og fyrir skepnur höfðum við horn, leggi og kjálkabein.

Þetta var gaman. Krakkarnir sem voru á eftir okkur hafa svo leikið sér þarna og líka börnin þeirra.

Guðný Svavars: *„Ég fór að smala með þeim Kvískerjamönnum á Sandinum. Þeir áttu þrjá hesta sem voru nokkuð undarlega tamdir. Þeir vildu bara gera eins og þeim þóknaðist. Ég fékk einn sem átti að vera meðfærilegastur. En af því að ég gaf honum „vitlaust start,“ að sagt var, þá gekk hann aftur á bak heiman frá bæ og næstum að hliðinu. Ég kunnir svo sem ekkert á hross en ég var samt alveg með það á hreinu að það ætti ekki að ganga svona og við myndum aldrei ná að smala nokkurn skapaðan hlut ef þessu héldi áfram. En svo lærði ég á klárinn. Það er mikið búið að hlæja að þessu!“*

Sveitin og heimilislífið á Kvískerjum

Samfélagið í Öræfum hefur verið merkilegt áður en árnar voru brúaðar. Öllum var alltaf boðið inn og náungakærleikurinn var mikill. Konurnar á Kvískerjum urðu alltaf að vera viðbúnar að taka á móti mörgu fólki, næra það og hlúa að því.

„Það var ákaflega gestkvæmt á Kvískerjum og mikil vinna við að þjóna þeim sem voru á ferðinni, ásamt öllu heimilisfólkinu svo ekki var mikill tími hjá kvenþjóðinni til að leika sér eða sinna áhugamálum. Næsti bær austan við Kvísker var í Suðursveit, um 30 km í burtu og yfir stór vatnsföll að fara. Fólk var oft dauðuppgæfið og svangt þegar það var að fara á milli á hestum.“ (Guðmunda Jónsdóttir - Munda)

Það var farið snemma á fætur, og verkin voru látin tala. Þrúður skrifar 1943:
„Jæja, nú er klukkan að verða sjö og allir farnir út fyrir nokkru, ég fer að heyja handa kúnum. Guðrún er að búa í strokkinn og Rúna að ganga frá nesti.“

Fólkið á Kvískerjum var sjálfu sér nægt um marga hluti og lifði mikið á eigin afurðum og landsins gæðum, þó heimilið væri fjölmennara en mörg önnur.


Systkinin voru öll vel gefin og tileinkuðu sér margskonar vísindi. Þau báru mikla virðingu hvert fyrir öðru og áhugasviðum hvers annars. Að mestu leyti hafði hvert og eitt sitt hlutverk en þegar þurfti að leysa stór og mikilvæg verkefni sameinuðust þau sem einn maður, svo sem í heyskap, smölun og slátrun.

Guðný Svavars: *„Fólkið á Kvískerjum hafði hvert sinn karakter og rökræddi hvert við annað um ýmsa hluti. Einhverntíma var verið að lesa Sjálfstætt fólk sem kvöldsögu í útvarpinu. Það var langborð í eldhúsinu og bekkir og stólar. Þar settust allir þegar búið var að ganga frá eftir kvöldmatinn, til að hlusta. Á eftir sköpuðust umræður, meðal annars um hvort réttmætt væri að fjalla um svona örbirgð og ömurleika og svo var deilt um hvernig upplesarinn væri, það voru allavega skoðanir. Þetta fólk var allt yndislegt, hvert á sinn hátt.“*

„Aldrei man ég eftir að þeim systur hafi orðið sundurorða, þær rifust aldrei, töluðu alltaf saman á rólegu nótunum, báðar jafn blíðar og góðar. Þær voru með dálítið skemmtilegt tungutak, ef eitthvað var fallett og gott, var alltaf sagt; „mikið fádæmis undur er þetta fallett“ og „fádæmi er þetta gott.“ (Sigrún Axelsdóttir)

Konurnar á Kvískerjum skrifuðu mikið af sendibréfum og fengu líka mörg. Framan af síðustu öld gátu liðið allt að þrjár vikur milli pósthæðna en eftir að flugið kom um miðja öldina urðu þær vikulegar og eftir það sáu bræður þeirra um póstdreifingu í sveitinni. Stundum tók langan tíma að skrifa hvert bréf og var þá bara bætt við það ef þess þótti þörf og ný dagsetning sett þar fyrir framan. Bréfin voru skrifuð með blekpenna og má sjá á þeim að letrið er misdökkt eftir því hvað pennanum er oft dýft í blekið.

Þrúður skrifaðist til dæmis á við Matthildi á Höfn og Þorstein, frænda sinn í Ameríku. 12. mars 1947 skrifar hún til Nunnú: ... „getur þú komist yfir landslagskort úr Öræfum til sölu? Þau eru oft svo skýr og vel tekin. Ég er alltaf svo fátæk af myndum að senda honum Þorsteini frænda mínum í Ameríku.”



Sími var á Kvískerjum en hann var mest notaður vegna samgangna um Sandinn og annarra þarfinda en ekki til að hringja í vini og vandamenn sér til gamans.

Það var margt fólk alla tíð á Kvískerjum í tíð þeirrar fjölskyldu sem þessi ritsmíð snýst um. Það kom af mismunandi ástæðum; vinnufólk, sumarbörn, ættingjar í heimsókn, fólk á leið austur eða vestur sem gisti gjarnan, ferðafólk að skoða sveitina, fuglafræðingar eða aðrir vísindamenn, fólk sem þær konurnar þekktu ekki endilega en sýndu mikla gestristni fyrir því.“

Dæmi um bréf sem var skrifað með blekpenna. Hér sérst vel hvað textinn er misdökkur, eftir því hvað pennisinn var oft dýft í blekið.

Úr bréfi dags. 18. júní 1943

„Við vorum samt fegnar þegar þessir menn fóru. Finnur fuglafræðingur (Finnur Guðmundsson), er fremur fámáll, nema ég held um fugla, mér finnst ég kynnast honum ekkert. Ég held hann sé samt ekki kuldalegur.“



Guðrún, Sigurður, Ari, Helgi, Hálf dán, Þrúður, Finn björg, Rúna og Ingimundur
Börnin vinstra megin: Guðbjartur Sigurðsson (Baddi), Garðar Páll Brandsson (Gæi), Sigrún Axelsdóttir og Gísli Benediktsson.

1924 var vatnið leitt í bæinn sem var dælt úr brunni, en leitt sjálfrennandi úr lind 1932.
1927 var leitt rafmagn í húsið sem dugði fyrir ljósum úr rafstöð.
1929 landsími tengist.
1946 var hitað upp með spreki og lýsi notað á oliulampa.
1947 var nýja húsið í smíði.
1955 var stærri rafstöð reist.
Fyrir 1967 var sveitin ekki í vegasambandi þó bílar væru komnir á flesta bæi. Fyrsti bíllinn var keyptur 1947 af Kvískerjafólkinu og Helga Arasyni á Fagurhólsmýri. Fólk kom þá helst í sveitina á hestum eða með flugvél eftir 1948.
1976 var ríkisrafmagn leitt á Kvísker.

Lokaorð

Skyldmenni, sveitungar og sumarbörn eiga heimilisfólkinu á Kvískerjum mikið að þakka. Margir aðrir sem komu þar við tengdust því líka vinaböndum sem aftur hafði áhrif á störf þeirra. Því hefur meðal annars verið haldið fram að systurnar á Kvískerjum séu fyrirmynd vissra sögupersóna í bókaflokknum Ísfólkið eftir norska rithöfundinn Margrit Sandemo.

„Konurnar hlutu að vera systur því þær voru svo líkar. ...það var greinilegt að þær gerðu sitt besta til að öllum liði vel.” (Álagafjötrar, 3 kafli).

Hvort sem sú tilgáta er rétt eða ekki þá er þessari samantekt ætlað að bregða ljósi á líf kvennanna á Kvískerjum á síðustu öld, störf þeirra, hugvit og listfengi. Óhætt er að segja að þær hafi lagt drjúgan skerf til samfélagsins og verið sinni þjóð til sóma. Fyrir utan að annast heimilishald og þjónustu fyrir bræður sína og börnin mörgu sem dvöldu á Kvískerjum tóku þær af rausn á móti fjölda fólks sem lengur eða skemur átti þar áningarstað.

Ég vil þakka öllum sem hafa lagt mér lið við þessa ritgerð, öllum sem ég ræddi við og aðstoðuðu mig við tæknileg atriði – og ekki síst núverandi eigendum Kvískerja.

Marta Sigurðardóttir frá Lækjarhúsum, Hofi.

Heimildaskrá

Atvinnuhættir Austur- Skaftfellinga, Páll Þorsteinsson, Austur-Skaftafellssýsla 1981

Byggðarsaga Austur-Skaftafellsýslu, III bindi, Öræfi, Hafnarhreppur, Sigurður Björnsson, Bókaútgáfa Guðjóns Ó, Reykjavík 1976

Kvískerjabók, Sýslusafn A- Skaftfellinga, Höfn 1998

Sagan um Ísfólkið, Álagafjörtar, Margrit Sandemo, Jentans, 1982

Sótt fram, Sigurður Björnsson, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Höfn 2007

Heimildamenn

Ásdís Gunnarsdóttir
Björgvin Ingimarsson
Dóra Ingimarsdóttir
Gísli Sigurjón Jónsson
Guðmunda Jónsdóttir (Munda)
Guðný Svavarsdóttir
Guðrún Aradóttir, (Dúna)
Guðrún Bjarnadóttir (Gunná á Nesinu)
Gunnþóra Gunnarsdóttir
María Ingimarsdóttir
Sigrún Axelsdóttir
Sigurður Gunnarsson
Þórunn Sigurðardóttir

Bréf úr einkaeigu í vörslu Guðnýjar Valberg, Svavars Sigurjónssonar.

Ljósmyndir: Olgu Strakthova, Marta Sigurðardóttir og úr einkasafni.

